

Efni: Svar við opnu bréfi um aðgerðir gegn ofbeldisfullu klámi

Með vísan til opins bréfs sem mér barst 28. febrúar 2013 tel ég rétt að bregðast við nokkrum þeirra fullyrðinga og athugasemda sem þar koma fram. Bréfið er ritað í tilefni af mikilli umræðu um stefnumótun íslenskra stjórnvalda vegna útbreiðslu ofbeldisfulls kláms og samfélagslegra áhrifa þess. Áður en lengra er haldið er rétt að gera ítarlega grein fyrir forsögu málsins.

Frá haustinu 2010 hefur innanríkisráðuneytið (áður dómsmála- og mannréttindaráðuneyti) staðið fyrir opinni umræðu um meðferð kynferðisbrota með þátttöku fulltrúa réttarkerfisins, lögreglu, grasrótarsamtaka og fræðimanna. Í því ferli var ítrekað bent á að ofbeldisfullt klám sé orðið mjög útbreitt á Íslandi og að áhrifa þess gæti í kynferðisbrotum. Klám hafi enn fremur bein áhrif á viðhorf ungs fólks til kynlífs og kynfrelsis.

Vegna þessara ábendinga efndu innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti til til samráðs um klám á haustdögum 2012 þar sem fjallað var um klám út frá lagalegu, heilbrigðislegu og samfélagslegu sjónarhorni. Í því ferli voru kallaðir til sérfræðingar úr heilbrigðisþjónustunni, menntakerfinu, réttarkerfinu, frjálsum félagasamtökum og háskólaumhverfinu. Markmiðið var að vekja umræðu um hvert hlutverk stjórnvalda skyldi vera varðandi klám með tilliti til dreifingar, notkunar og einstaklingsbundinna og samfélagslegra áhrifa. Liður í þessu ferli var opin ráðstefna um klám sem haldin var í samvinnu ráðuneytanna þriggja og lagadeildar Háskóla Íslands 16. október 2012.

Helstu niðurstöður samráðsferlisins voru eftirfarandi:

- Afar hröð þróun hefur orðið á klámefni og verður það sífellt grófara. Það efni sem mest er dreift felur í sér ofbeldi og vanvirðandi meðferð, einkum gagnvart konum, í sumum tilfellum hreinar pyntingar. Klámframleiðendur keppast við að finna upp á nýjum aðferðum til að tengja saman niðurlægingu, ofbeldi og kynlíf og hafa það að markmiði að ná til ungra neytenda og halda þeim sem neytendum sem lengst.
- Klám er í mörgum tilfellum helsta „kynfræðsla“ sem börn fá en þau geta nálgast slíkt efni á 20-30 sekúndum á netinu. Meðalaldur íslenskra barna þegar þau sjá klám í fyrsta sinn er 11-12 ár, mörg án þess að vera endilega í leit að því.
- Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á skaðlegum áhrifum kláms á Íslandi, en vísbendingar eru um að það geti haft slæm áhrif á börn að sjá ofbeldisfullt klám. Í sumum tilfellum prófa börn, þá einkum drengir, athafnir sem þau sjá, á yngri börnum og hefur slíkur málum fjölgað á borði Barnahúss. Sum börn sem hafa séð klámefni, sýna einkenni sambærileg börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá er fyrsta kynlífsreynsla unglunga – og jafnvel kynlíf þeirra almennt – oft mótuð af ofbeldisfullu klámefni.
- Stefnumótun í málaflokknum þarf að taka mið af því að vernda börn fyrir skaðlegum áhrifum kláms, þ.m.t. fyrir því að sjá klámefni án þess að vilja það eða hafa aldur eða þroska til að velja eða hafna að sjá slíkt efni. Einnig þarf að sporna við því að klám sé fyrsta og jafnvel helsta „kynfræðsluefni“ barna og ungmenna. Þá þarf stefnumótun að taka mið af mögulegum skaðlegum áhrifum kláms á fullorðna neytendur og á þá sem koma að framleiðslu klámefnis.

Niðurstöður og tillögur samráðsins voru greindar og lagðar fram sem sundurliðaðar tillögur til ráðuneytanna þriggja með það að markmiði að bregðast við áhrifum og útbreiðslu kláms með heildstæðum hætti. Þar á meðal er lagt til að mótuð verði heildstæð fræðslu- og forvarnaáætlun þar

sem tekið verði á klámi, klámvæðingu og kynheilbrigði. Nú þegar hefur verið efnt til fræðslu og umræðu um klám, m.a. með sýningu stuttmyndar um mörkin milli kynlífs og ofbeldis í öllum 10. bekkjum og velflestum framhaldsskólum landsins. Tel ég mikilvægt að rekja þetta þar sem í bréfinu sem mér hefur verið sent er að finna ráðleggingar til íslenskra stjórnvalda um menntun og fræðslu, en svo sem sjá má hér að framan hafa einmitt forvarnir og fræðsla mikið vægi í þeirri stefnumótun sem nú stendur yfir.

Þær tillögur sem beint var til innanríkisráðuneytisins lúta að lagaumhverfinu í kringum klám, en samkvæmt almennum hegningarlögum er hvers konar dreifing kláms og birting þess á prenti refsiverð. Engu að síður hafa tiltölulega fá sakamál komið til kasta dómstóla á undanförunum árum þrátt fyrir að dreifing kláms sé útbreidd. Ekki er að finna skilgreiningu á klámhugtakinu í almennum hegningarlögum og hef ég því falið refsiréttarnefnd að vinna frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum sem þrengi og skerpi á skilgreiningu kláms með vísan til efnis þar sem ofbeldi og niðurlæging er sett í samhengi við kynlíf. Er sérstaklega lagt til að litið sé til norskra hegningarlaga og þeirrar skilgreininar sem þar er að finna. Í annan stað hefur verið settur á laggirnar starfshópur með aðkomu innanríkisráðuneytisins, lögreglu og ríkissaksóknara, í náinni samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun og fjarskiptafyrirtæki og skal hópurinn kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu og gera tillögur að breytingum, einkum með tilliti til mikilvægis þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni.

Hefur þessi síðastnefndi þáttur í heildstæðum aðgerðum íslenskra stjórnvalda hlotið nokkra athygli á alþjóðavettvangi og varð að því er best verður séð tilefni til þess opna bréfs sem hér er svarað.


Starfshópurinn sem settur hefur verið á laggirnar kannar bæði lagalega og tæknilega möguleika til að fylgja eftir nógildandi lögum um bann við dreifingu kláms. Að þeirri kortlagningu lokinni getur hin lýðræðislega umræða um næstu skref í þessum efnum haldið áfram. Ég hef hins vegar lýst því yfir að ég er tilbúinn til að taka til skoðunar markvissar aðgerðir til að sporna gegn því óhefta aðgengi sem hinn ofbeldisfulli klámiðnaður hefur að íslensku samfélagi, þar með talið að börnum. Sú umræða verður ekki þöggud með vísan til þess að ekki megi ræða málin í lýðræðislegu samfélagi vegna þess að önnur ríki geti notað slíkar umræður til réttlætningar mannréttindabrotum.

Ég hvet fólk sem lætur sig mannréttindi varða til að skoða allar hliðar á þessum teningi, en falla ekki í stafi frammi fyrir tækninni, þ.e. milliliðnum sem internetið er. Internetið sýnir ekki „heiminn eins og hann er“ frekar en nokkur annar miðill. Hins vegar getur tæknin miðlað til okkar upplýsingum um heiminn með nákvæmari og hraðari hætti en gerist manna í millum. En tæknin getur líka verið notuð til slæmra verka, þar með talið í þágu þeirra gróðaaflla sem standa að baki stórum hluta klámiðnaðarins og bæði beita ofbeldi og hvetja til ofbeldis. Þetta hefur ekkert með frjáls skoðanaskipti eða miðlun upplýsinga að gera. Að hafna því að klámiðnaðurinn eigi að hafa óheft aðgengi að börnum og ungmennum til að móta og stýra hugmyndum þeirra um kynlíf, kynhneigð og samskipti jafngildir ekki því að vilja ritskoða internetið, svo sem lesa má af því bréfi sem mér hefur borist.

Ég legg hins vegar einnig ríka áherslu á að þær ráðstafanir sem kann að verða gripið til vegna dreifingar ofbeldisfulls kláms á netinu verði gagnsæjar og í samræmi við leikreglur réttarríkisins. Slíkar ákvarðanir verða einnig aðeins teknar að undangenginni lýðræðislegri umræðu sem nú stendur yfir. Ég tel ekki að ábyrg stjórnvöld sem vilja í senn gæta að velferð barna og hafna kynferðisofbeldi geti hjá setið þegar sérfræðingar vara við áhrifum ofbeldisfulls kláms. Ég hvet önnur ríki og alþjóðleg

mannréttindasamtök til að taka þátt í þessu samtali. Með samhentum átaki getum við lyft grettistaki. Við getum og eigum að setja ofbeldinu mörk um leið og við sameinumst í því að verja frjálst og opið lýðræðissamfélag.

Virðingarfyllst,



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra